

## Viðauki við samning milli mennta- og barnamálaráðuneytis og Bridgesambands Íslands

### 1. gr.

Gildistími, sbr. 7.1. gr., í samningi milli mennta- og barnamálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Bridgesambands Íslands kt. 480169-4769 dags. 19. desember 2018 framlengist til 31. desember 2022.

### 2. gr.

Við grein 1.1. samningsins bætist eftirfarandi liður:

Styðja við starfsemi Bridgesambandsins er varða kennslu og útbreiðslu þekkingar á bridge meðal barna og ungmenna, auk aðgengi barna að bridge.

### 3. gr.

Við grein 1.2. bætist eftirfarandi liður:

Þjóða börnum og ungmennum ókeypis kennslu í bridge í Bridgeskólanum, fjármagna viðburði fyrir börn og eiga í samstarfi við skóla um kynningar á bridge og Bridgeskólanum vegna þeirra viðburða. Tengiliður mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna þessa þáttar er Örvar Ólafsson og tengiliður Bridgesambands Íslands er Matthías Imsland.

### 4. gr.

Við grein 2.2. bætist eftirfarandi setning:

Þá fellur viðbótarframlag vegna 3. liðar greinar 1.2. undir málaflokk 29.4, stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn.

### 5. gr.

Greinar 3.1. og 3.2. í samningnum falla út í heild og í stað þeirra kemur eftirfarandi:

Framlag til Bridgesambands Íslands er 13,3 m.kr. fyrir árið 2022 þar af fara 3 m.kr. árlega til afreksmála sambandsins. Til viðbótar við það framlag getur viðbótarframlag ríkisins til þeirra verkefna sem nefnd eru í 3. lið greinar 1.2. verið 5.000.000 kr.

6. gr.

Við kafla 3 bætist við ný grein, 3.7., sem hljóðar svo:

3.7. Viðbótarframlag vegna þeirra verkefna sem nefnd eru í 3. lið greinar 1.2., kr. 5.000.000, verður greitt í eingreiðslu til Bridgesambands Íslands þann 1. október 2022.

Reykjavík, 16. september 2022.



f.h. mennta- og barnamálaráðuneytis



f.h. Bridgesambands Íslands